



15. fundur stjórnar Aftureldingar 2. mars 2011

Fundur settur kl. 17:15 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Helga Jóhannesdóttir, Jón Pálsson og Sævar Kristinsson. Ásmundur Pálsson og Guðjón Helgason höfðu boðað forföll. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

- 1) Fundir með stjórnunum deilda.
- 2) Staða uppgjöra og aðalfundir deilda
- 3) Dagskrá aðalfundar
- 4) Samningar við Mosfellsbæ og aðstöðumál
- 5) Stefna Mosfellsbæjar í íþrótt og tómstundamálum
- 6) Samningar við styrktaraðila
- 7) Rammi utan um fjáraflanir deilda
- 8) Félaga og greiðslukerfi
- 9) Samstarf við Vinnumálastofnun um að taka ungt atvinnulaust fólk í vinnu
- 10) Afreksráð
- 11) Upplýsingavefur
- 12) Innleiðing stefnumótunar félagsins
- 13) Síðareglur
- 14) Önnur mál

1) Fundir með stjórnunum deilda

Framkvæmdastjóri upplýsti að fáar sem engar meldingar hefðu borist um stjórnarfundir deilda og lagði til að sérstakir fundir verði boðaðir með stjórnunum. Stjórnin sammála um að boða þessa fundir eftir aðalfund.

2) Staða uppgjöra og aðalfundir deilda

Framkvæmdastjóri upplýsti að uppgjörum allra deilda nema knattspyrnu- og handboltadeilda væri lokið. Dagsetningar aðalfunda deilda, sem upplýsingar hafa borist um, eru sem hér segir:

Knattspyrna	17.mars
Karate	15.mars
Karfa	?
Sund	?
Taekwondo	?
Bandminton	14.mars
Blak	21.mars
Fimleikar	6.mars
Frjálsar	16.mars
Handbolti	?

3) Dagskrá aðalfundar

Farið var yfir reglur um aðalfund, hvaða nefndir og fulltrúa á að kjósa og aðra dagskrárliði aðalfundar. Rætt var að ljúka þyrfti gerð reglugerðar um merki og búninga til að leggja fram á aðalfundi. Gjaldkeri og formaður taka það að sér.

4) Samningar við Mosfellsbæ og aðstöðumál

Formaður og framkvæmdastjóri hafa fundað með fulltrúum bæjaryfirvalda, Birni Þráni Þórðarsyni, Sigurði Guðmundssyni og Theódór Kristjánssyni formanni íþrótt- og tómstundanevndar og lögðu þar fram samningsramma félagsins. Viðræður hafa gengið mjög hægt bæði varðandi endurnýjun samninga við bæinn, en þeir runnu út um áramót, sem og um aðstöðumál félagsins.

5) Stefna Mosfellsbæjar í íþrótt- og tómstundamálum

Drög að stefnu Mosfellsbæjar í íþrótt- og tómstundamálum voru rædd og ákveðið að stjórnarmenn kynni sér þau nánar og komi athugasemdum sínum til formanns sem taka mun saman umsögn félagsins og senda til íþrótt- og tómstundanevndar.

6) Samningar við styrktaraðila

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu samningaviðræður sem eru í gangi, m.a. N1 og Ölgerðina. Adidas samningurinn er að komast í gagnið og verður nánar kynntur á næsta formannafundi.

7) Rammi utan um fjáraflanir deilda

Rædd drög að reglum um fjáraflanir og styrktarsamninga sem gjaldkeri stjórnar hafði útbúið og sent á stjórnarfólk. Ákveðið að stjórnarfólk skoði drögin betur og komi með athugasemdir. Reglurnar verða síðan kynntar á formannafundi og síðan lagðar fram á aðalfundi til samþykktar.

8) Félaga og greiðslukerfi

Tilboð hefur borist um aðgang að kerfi sem heldur utan um félagi og greiðslukerfi og getur tengst DK kerfinu sem í notkun er hjá félaginu. Kerfi þetta auðveldar alla skráningu og ut anumhald greiðslna. Ákveðið að gjaldkeri og framkvæmdastjóri kynni sér kerfið nánar og kynni á næsta stjórnarfundi. Þau kanni einnig hjá Mosfellsbæ hvort og hvernig slíkt kerfi getur unnið með íbúagáttinni t.d. varðandi frístundaávisanir.

9) Samstarf við Vinnumálastofnun um að taka ungt atvinnulaust fólk í vinnu

Vinnumálastofnun hafði samband og bauð fram vinnukraft ungs atvinnulauss fólks í afmörkuð verkefni, skv. verkefninu Ungt fólk til athafna. Ákveðið að formaður og framkvæmdastjóri fundi með Vinnumálastofnun og ræði nánar.

Dagskrárliðum 10-14 frestað.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn miðvikudaginn 16. mars kl. 17:15.

Fundi slitið kl. 19:10

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar